

Alþingi
Erindi nr. P 135/1807
komudagur 14.3.2008

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is

Akureyri 13. mars 2008


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá efnahags- og skattanefnd Alþingis **frumvarp til laga um tekjuskatt**, 325. mál, breyting ýmissa laga. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings leggst eindregið gegn þeim hluta frumvarpsins sem snýr að skattaumsýslu stórra og umsvifamikilla fyrirtækja. Samkvæmt frumvarpinu á sú umsýsla öll að fara fram í Reykjavíkumdæmi, í sérhæfðri stjórnsýslueiningu. Í frumvarpinu felst það sjónarmið að ekki sé hægt að byggja upp í öðrum umdæmum þá sérfræðiþekkingu og sérhæfni sem þarf til að sinna slíkum fyrirtækjum. Þessu sjónarmiði andmælir stjórn Eyþings harðlega og telur ekki vafa á að hægt er að byggja upp þessa þekkingu við skattstofur annars staðar á landinu, t.d. skattstofu Norðurlandsumdæmis eystra þar sem stjórnin þekkir best til.

Stjórn Eyþings harmar að enn á ný skuli stjórnvöld ætla að ganga gegn eigin stefnu með því að auka umsvif ríkisins í höfuðborginni. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í gangi sé sérstök athugun á því hvernig styrkja megi starfsemi einstakra skattstofa úti á landsbyggðinni, til að mynda með flutningi annarra verkefna til þeirra, m.a. í tengslum við þá breytingu sem leiðir af frumvarpinu. Slík tilfærsla einhverra verkefna er léttvæg í samanburði við lögfestingu verkefna eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Nægir í því sambandi að vísa til upplýsinga um fjölgun starfa ríkisins á undanförunum árum.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri